

HEILBRIGÐISEFTIRLIT

Garðaborg 5 • Pósthólf 329 • 212. Garðabær • Sími 550 5400 • Fax 550 5409 • www.heilbrigðiseftirlit.is • Hekla

Hafnarfjarðar- og

Kópavogssvæðis	2/10 2017
Hafnarfjarðarbær	
Heilbrigðiseftirlit	
Málsnr:	171026
Bréfal:	400

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar
Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri.
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

GHE/ghe 00.01 28. september 2017

Á fundi heilbrigðisnefndar þann 26. september 2017 var fjallað um á gjaldskrá fyrir Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis vegna leyfisveitinga, eftirlits og annarra gjaldskyldra starfsemi.

Heilbrigðisnefnd gerði eftirfarandi samþykkt:
„Heilbrigðisnefnd leggur til að tímagjald verði kr. 13.400 og sýnatökugjald samkvæmt eftirlitsáætlun kr. 16.200.“

Heilbrigðisnefnd vísar tillögunni til meðferðar hjá aðildarsveitarfélögunum og óskar þess sérstaklega að tillagan verði tekin til meðferðar sem fyrst.

Skýringar:

Tillagan er um að breyta 6. gr. gjaldskrár nr. 939/2016 þannig að tímagjald verði kr. 13.400 í stað kr. 13.200 og sýnatökugjald samkvæmt eftirlitsáætlun vegna mælinga örvera og einfaldra eðlisfræðilegra mælinga verði kr. 16.200 í stað kr. 14.000

Gjaldskrár heilbrigðiseftirlitsins er tvær:

- **Gjaldskrá nr. 939/2016 vegna matvæla-, heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit.** Tímagjald er nú kr. 13.200 og sýnatökugjald kr. 14.000. Lagt er til að tímagjald verði 13.400 til að mæta launabreytingum og hækkar á aðkeyptri þjónustu. Einnig er lagt til að jafnaðar sýnatökugjald samkvæmt eftirlitsáætlun fyrir eftirlitsmælingar vegna örveru- og einfaldra eðlisfræðilegra mælinga verði kr. 16.200. Boðaðar hafa verið hækkanir á gjaldskrá rannsóknastofu MATÍs umfram verðlagsbreytingar. Tímagjald er reiknað samkvæmt leiðbeinandi reglum umhverfisráðherra um uppbyggingu gjaldskráa fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit sbr. 3.mgr. 12. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Innheimt gjald skal ekki vera hærra en raunkostnaður við vinnuna sem er framkvæmd s.s. vegna eftirlits, vottorða eða leyfisveitinga. Samkvæmt ákvæðum matvælagaga ber að innheimta slíkt eftirlitsgjald en samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir er sveitarfélögum slík innheimta heimil. Í matvælagögum er tekið fram að eftirlitsgjald skuli standa straum af eftirtöldum kostnaðarpáttum við eftirlitið.
a. launum starfsfólks sem sinnir störfum vegna eftirlits, b. öðrum kostnaði vegna starfsfólks, þ.m.t. vegna aðstöðu, áhaldna, búnaðar, þjálfunar, ferðalaga og tengds kostnaðar, c. kostnaði við greiningu á rannsóknastofu og sýnatöku.
- **Gjaldskrá nr. 938/2016 vegna vegna hundahalds.** Árlegt eftirlitsgjald er kr. 12800 (kr. 6.400 með afslætti). Skráningargjald er kr. 14.000. Fyrir bráðabirgðaskráningu er greitt hálf skráningargjald. Lagt er til að gjaldskrá verði óbreytt þar sem óverulegar breytingar eru fyrirsjáanlegar á raunkostnaði.

Virðingarfyllst,
f. h. heilbrigðisnefndar.

Guðmundur H. Einarsson
Guðmundur H. Einarsson,
frankvæmdastjóri.

